



325. Stjórnarfundur haldinn 15. janúar 2009 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Skinfaxi

Bréf frá UMFÍ v/ lottóúthlutunar reglur.

Bréf Póstinum hækkun á leigu pósthólfa.

Bréf frá Guðjónínu Sæmundsdóttir v/ fimleika. Formaður fimleikadeildarinnar Sveinbjörg Sigurðardóttir kom inn á fundinn undir þessum lið. Málið rætt ítarlega og farið yfir helstu þætti þess. *Ákveðið að fela framkvæmdastjóra málið. Áður en svarbréf verður sent til Guðjónínu skal leggja það fyrir stjórn.*

3. Send bréf.

Bréf sent í tölvupósti til deilda v/ ferðasjóðs ÍSÍ.

4. Aðalfundur deilda.

Aðalfundur deilda hafa veið auglýstir samkvæmt lögum félagsins. Engar athugasemdir um dagsetningu frá deildum. EH hvatti stjórnarmenn til að mæta á aðalfundi deilda.

5. Aðalfundur félagsins.

Ákveðið að aðalfundur félagsins verði fimmtudaginn 26. febrúar 2009 í félagsheimili okkar að Hringbraut 108 kl. 20:00.

6. Önnur mál.

Rætt um samning við 365 miðla vegna áskriftar á sportrásum stöðvarinnar.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

Knattspyrnudeildin færði aðalstjórn bókina Íslensk knattspyrna að gjöf ásamt jólakorti. Aðalstjórn þakkar góða gjöf.

Ákveðið að breyta fundartímum yfir á miðvikudaga kl. 17:05

Næsti fundur 28. janúar 2009.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15
Fundinn ritaði SG

